

Ed.

441. Nefndarálit

við frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Pverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir því sem föng hafa verið til. Er frv. undirbúið af vegamálastjóra, og fylgdi því mjög ýtarleg greinargerð á vetrarþinginu 1931, ásamt skýrslu um rannsóknir á þessu svæði, áætlunum um framkvæmd verksins og kostnað allan. Verða mannvirki þessi stórfelld og fjárfrek, sem vænta má, en þar sem nú er búið að meira eða minna leyti að ráða bót á samgönguferfiðleikum þeim, er stórvötn landsins hafa hingað til valdið, að þessum vötnum undanskildum, þá virðist nú vera orðið tímabært að setja lög um framkvæmd þessara mannvirkja og byrja á hinum nauðsynlegustu mannvirkjum, sérstaklega þar sem nú er hafinn undirbúningur um allverulegar framkvæmdir á komandi sumri. Leggur því samgöngumálanefnd til, að frv. verði samþykkt með þeirri einu

BREYTINGU

við 10. gr., að í stað »1. og 2. liða« komi: 1. til 4. lið.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Páll Hermannsson,
form.

H. Steinsson,
fundaskrifari.

Ingvar Pálmason,
frsm.